



# FTL2A05

Námsáætlun, vorönn 2021

**Kennari/kennarar:**

Elísabet Jónsdóttir  
Þórkatla Þórisdóttir

**Netfang/netföng:**

elisabet.jonsdottir@borgo.is  
thorkatla.thorisdottir@borgo.is

**Lýsing:**

Lögð er áhersla á kynningu á ýmiss konar líkamlegum og andlegum skerðingum sem leiða til fötlunar. Fjallað verður um ólíkar tegundir skerðinga, einkenni og orsakir. Leitast verður við að skoða samspil mismunandi skerðinga fólks og stöðu þess í félags- og efnahagslegu tilliti. Fjallað er um gildi snemmtækarar íhlutunar og mikilvægi greiningar með það að marki bæta lífsgæði fatlaðs fólks og fjölskyldna þeirra. Auk þess er fjallað um hlutverk stuðningsaðila í mótun félagslegrar virkni og þátttöku með hugmyndafræði eðlilegs lífs að leiðarljósi. Áhersla er lögð á að efla skilning og þekkingu nemenda á margbreytilega mannlegs lífs og virðingu fyrir öllu fólki.

**Þekking, leikni, hæfni:**

- átti sig á hugtökunum fötlun og skerðing ásamt ýmsum orsökum og einkennum þeirra.
- átti sig á að ýmsar hindranir, sem mæta fötluðu fólki, tengjast fremur félagslegum þáttum og hefðum en skertu atgervi þeirra sem búa við fötlun.
- öðlist innsýn í áhrif fötlunar á sjálfsmýnd einstaklingsins.
- öðlist þekkingu á aðstæðum fatlaðra hvað varðar þjálfun, nám, heimili og tómstundir
- þekki starfsstéttir sem vinna með fötluðum.
- kynnist úrræðum og umgengni við fatlaða einstaklinga, t.d. fötlunum á einhverfurófinu, þroskahömlunum, heyrnarleysi, blindu, athygli- og hegðunarröskunum, hreyfihömluðum.
- öðlist þekkingu á grundvallaratriðum í vinnu með börnum og fullorðnum með mismunandi fatlanir.
- kynnist úrræðum og fræðist um umgengni við börn með geðraskanir.
- þekki áhrif fötlunar á nánustu fjölskyldu.
- skoði hvaða þætti hann vilji helst bæta eða efla hjá sér sem fagaðila á sviði fatlana.
- nota upplýsingatækni til að vera hæfari til þess að mæta á faglega hátt þörfum einstaklinga með fjölbreyttar skerðingar.

**Námsmat:**

1. Verkefni um skerðingar (fimm verkefni, 1-2 bls. hvert) 45%
2. Þátttaka í umræðum, mæting og virkni 25%
3. Heimapróf 10%
4. Lokaverkefni (ritgerð og kynning í lotu) 20%



**Námsgögn:**

*Bók: Þroskahömlun barna. Orsakir, eðli, íhlutun. Ritstjóri: Bryndís Guðmundsdóttir  
Efni frá kennara.*

**Aðrar mikilvægar upplýsingar:**

Kennsluáætlun kann að taka breytingum á önninni en þá að höfðu samráði við nemendur.

Nemendur þurfa að standast alla matsþætti. Rík áhersla er lögð á mætingar og ástundun.

Nemendum er skilt að taka þátt í fjarkennslutímum og vera þá stundum bæði í hljóð og mynd.



Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	6.-8. jan.	Lota I Kynning á efni áfangans	
2	11.-15. jan.	ADHD	Verkefni 1
3	18.-22. jan	Þroskahömlun	
4	25.-29. jan.	Litningagallar	Verkefni 2
5	1.-5. feb.	Einhverfuróf	
6	8.-12. feb.	Einhverfuróf	Verkefni 3
7	15.-19. feb.	Flogaveiki	
8	23.-26. feb.	Heyrn	Verkefni 4
9	1.-5. mars	Mál Lota II Blinda og sjónskerðing. Samantekt og hópavinna.	
10	8.-12. mars	Hreyfihömlun	Verkefni 5
11	15.-19. mars	Kvíði og þunglyndi barna	
12	22.-26. mars	Greining	Heimapróf
13	29.mars- 5. apríl	Páskaleyfi	
14	6.-9. apríl	Snemmtæk íhlutun	
15	12.-16. apríl	Félagsleg þátttaka og virkni	
16	19.-23. apríl	Sumardagurinn fyrsti	
17	26.-30. apríl	Hlutverk stuðningsaðila	Skil á lokaverkefni
18	3.-7. maí	Leikskólinn - Grunnskólinn Lota III Kynning á lokaverkefnum	
19	10.-14. maí		Kennslu lýkur

*Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.*